

FW: Samningur um Áfangastaðastofu Vestfjarða

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Birgir Gunnarsson
Heiti : FW: Samningur um Áfangastaðastofu Vestfjarða
Málsnúmer : 2021010103
Málsaðili : Vestfjarðastofa ses.
Skráð dags : 20.01.2021 07:56:18
Höfundur : Birgir Gunnarsson

Viðhengi [Áfangastaðastofa Vestfjarða - minnisblað .pdf](#)[Áfangastaðastofa Vestfjarða - minnisblað .pdf](#)
[ANR og Landshlutasamtök - samningsdrög.pdf](#)[ANR og Landshlutasamtök - samningsdrög.pdf](#)
[image002.jpg](#)[image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Sæl Bryndís

Þurfum að taka þetta inn í bæjarráð næst.

Kær kveðja,

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri

450 8024 – 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: Sigríður Kristjánsdóttir [mailto:sirry@vestfiridir.is]

Sent: miðvikudagur, 13. janúar 2021 09:26

To: Birgir Gunnarsson ; bragi ; oddviti ; oddviti ; sveitarstjóri ; jonpall ; sveitarstjóri ; Bæjarstjóri Vesturbyggð ; Þorgeir Pálsson

Cc: Díana Jóhannsdóttir

Subject: Samningur um Áfangastaðastofu Vestfjarða

Góðan dag,

Meðfylgjandi er minnisblað um stofnun Áfangastaðastofu Vestfjarða sem óskað er eftir að fjallað verði um í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

Um er að ræða þá breytingu að markaðsstofur landshlutanna verði að áfangastaðastofu með samningi við Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið. Landshlutarnir ákveði síðan með hvaða hætti slíkar áfangastaðastofur verði reknar og er útlit fyrir að allir landshlutar muni halda áfram rekstri núverandi markaðsstofa sem áfangastaðastofa.

Rökin fyrir því eru að starfsemi þeirra flestra hefur þróast á þann veg að þær annast gerð og eftirfylgni áfangastaðaáætlana fyrir landshlutana og því talið eðlilegra að nafn þeirra endurspegli betur starfsemi þeirra.

Þrátt fyrir að ekki sé um mikla breytingu að ræða teljum við mikilvægt að öll sveitarfélög á Vestfjörðum séu upplýst um hana og veiti stjórn Vestfjarðastofu/FV formlega heimild til að staðfesta samninginn.

Athygli er vakin á því að staðfesta þarf samninginn við ANR fyrir 1. mars því liggur nokkuð á að fá staðfestingu sveitarfélanna til að stjórn Vestfjarðastofu geti fjallað um málið í síðasta lagi á fundi í febrúar.

Með kveðju,

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri



Árnagata 2-4, 400 Ísafirði
Sími + 354 450 3050
GSM +354 861-4913

www.vestfiridir.is



